

67. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 66. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

68. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

69. gr.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana og fyrirtækja bæjarins, eftir þeim reglum sem bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

70. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til, ef 2/3 mættu bæjarstjórnarmanna samþykkir það.

71. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn bæjarmála Siglufjarðarkaupstaðar nr. 209/1979.

Félagsmálaráðuneytið, 12. febrúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Línadal.

AUGLÝSING**um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota.**

Samkvæmt heimild í 108. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, hefur verið ákveðið að í Reykjavík fari álagning og innheimta gjalds vegna stöðvunarbrota einnig fram á vegum Reykjavíkurborgar.

Akvörðun þessi gildir frá 1. mars 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.